Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 4.11. 2026

Til formanns Menningarráðs Reykjavíkurborgar

Sæll Rúnar Freyr,

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) óskar eftir fundi með Menningarráði Reykjavíkurborgar til að ræða þær umfangsmiklu breytingar sem nú eiga sér stað á sviði menningarmála hjá borginni og áhrif þeirra á starfsskilyrði listafólks, menningarsamtaka og menningarstofnana.

BÍL telur mikilvægt að eiga samtal við alla fulltrúa ráðsins um þá stöðu sem upp er komin, fá skýra afstöðu þess til þeirra mála sem hér eru reifuð og upplýsingar um ábyrgð, stjórnsýslu og fyrirhugaða framkvæmd breytinganna.

1. Aðkoma Bandalags íslenskra listamanna að Menningarráði – beiðni um fasta áheyrnarfulltrúa

BÍL ítrekar fyrri formlega beiðni sína frá 15. október 2026 um að bandalaginu verði tryggðir tveir áheyrnarfulltrúar í Menningarráði með eftirfarandi hætti:

- Forseti bandalagsins verði fastur áheyrnarfulltrúi með fundarboð á alla fundi Menningarráðs.
- Bandalaginu verði heimilt að tilnefna annan áheyrnarfulltrúa sem kalla megi til þegar þörf er á sérþekkingu eða sjónarmiðum úr tiltekinni listgrein.

Bandalagið er regnhlífarsamtök 16 aðildarfélaga á ólíkum sviðum lista og menningar og gegnir mikilvægu hlutverki sem tengiliður borgarinnar við fagfélög listafólks. Reglubundin aðkoma bandalagsins að störfum ráðsins er grundvallaratriði í faglegu samráði Reykjavíkurborgar við listafólk og samtök þess.

Bandalagið hefur haft áheyrnarfulltrúa í menningarráðum borgarinnar í ríflega tvo áratugi.
Sú breyting að tryggja ekki lengur forseta bandalagsins fastan aðgang að fundum ráðsins skerðir möguleika þess til að sinna því ráðgjafar- og samstarfshlutverki sem meðal annars er kveðið á um í þjónustusamningi bandalagsins og Reykjavíkurborgar.

Með því er Reykjavíkurborg ekki aðeins að afþakka mikilvæga og hagkvæma sérfræðiþekkingu fagfólks í listum, heldur einnig að útiloka mikilvægt samtal við samtök listafólks og grasrót menningarlífsins. Slíkt samtal er grundvöllur uppbyggingar og framþróunar í menningarlífinu.

Stjórn BÍL óskar eftir formlegri afstöðu Menningarráðs til þessarar beiðni. Telji Reykjavíkurborg nauðsynlegt að festa rétt bandalagsins til að eiga fasta áheyrnarfulltrúa í Menningarráði í samþykktir, starfsreglur eða önnur formleg ákvæði borgarinnar, óskar stjórn BÍL eftir því að Menningarráð beiti sér fyrir nauðsynlegum breytingum. Markmiðið er að tryggja með varanlegum hætti að bandalagið haldi stöðu sinni sem fastur áheyrnarfulltrúi í ráðinu og að aðkoma þess sé ekki háð tímabundnu fyrirkomulagi eða ákvörðun hverju sinni.

2. Uppsagnir starfsfólks og fagleg ábyrgð á menningarmálum

BÍL hefur verulegar áhyggjur af áhrifum uppsagna og fækkunar stöðugilda er kemur að faglegri umgjörð menningarmála hjá Reykjavíkurborg, þjónustu við listafólk og getu borgarinnar til að sinna samstarfi við menningarlífið.

Við óskum eftir skriflegum upplýsingum um eftirfarandi:

- Hversu mörg stöðugildi voru við menningarmál fyrir skipulagsbreytingarnar og hversu mörg stöðugildi hafa verið lögð niður?
- Hvaða störf voru lögð niður í tengslum við breytingarnar, hver voru helstu verkefni og ábyrgðarsvið viðkomandi starfsmanna samkvæmt starfslýsingum þeirra og hver hefur tekið við þeim verkefnum?
- Hver ber nú ábyrgð á umsýslu styrkja og sjóða, þar á meðal samskiptum við faghópa, utanumhaldi umsókna og eftirfylgni? Hvernig er tryggt að faglegt mat og ákvarðanir um úthlutanir séu unnin með faglegum hætti, gagnsæi og vandaðri málsmeðferð?
- Hvaða starfsfólk og einingar bera nú ábyrgð á stefnumótun og þjónustu við listafólk og menningarsamtök?

Jafnframt óskum við eftir upplýsingum um hvert listafólk og menningarsamtök eiga að beina erindum sínum vegna styrkja og samstarfssamninga og hvernig tryggt verður að erindum sé svarað og þeim fylgt eftir.

Í þessu samhengi viljum við einnig ítreka að BÍL hefur ítrekað óskað eftir greiðslu samkvæmt gildandi samningi, en greiðslan hefur enn ekki borist. Við óskum eftir skýrum upplýsingum um ástæður þess og hvenær greiðslan verður innt af hendi.

3. Uppsagnir leigusamninga og framtíð vinnurýma listafólks

Reykjavíkurborg hefur sagt upp 15 leigusamningum við listafólk, félagasamtök og grasrótarhópa. Uppsagnirnar hafa skapað verulega óvissu um framtíð starfseminnar og starfsskilyrði fjölmargra aðila í menningarlífinu.

BÍL hefur skilning á því að borginni beri að bregðast við kröfum um öryggi og eldvarnir. Hins vegar telur sambandið mikilvægt að hvert húsnæði sé metið sérstaklega og að kannaðir verði möguleikar á úrbótum og öðrum lausnum áður en til uppsagna kemur eða starfsemi er flutt úr húsnæði.

Stjórn BÍL á boðaðan fund með borgarstjóra 2. desember n.k. en telur jafnframt mikilvægt að ræða málið sérstaklega við Menningarráð og fá fram afstöðu þess til þess hvernig ráðið hyggst bregðast við stöðunni og hvaða aðgerðir það telur nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi starfsemi listafólks og menningarsamtaka í borginni.

Sérstaklega viljum við ræða stöðuna í Gufunesi og framtíð þeirrar uppbyggingar sem þar hefur átt sér stað. Á undanförnum árum hefur þróast þar öflugt og fjölbreytt skapandi samfélag þar sem kvikmyndaiðnaður, listafólk, hönnuðir og frumkvöðlar hafa byggt upp starfsemi. Þar má meðal annars nefna kvikmyndaver og fyrirtæki tengd kvikmyndagerð, Gufunes Radíó og starfsemina í Listhúsinu. Þessi uppbygging hefur verið mikilvægur þáttur í þeirri framtíðarsýn Reykjavíkurborgar að gera Gufunes að skapandi hverfi. Uppsögn leigusamningsins við Listhúsið vekur því upp spurningar um framtíð þeirrar sýnar og hvort borgin hyggist standa vörð um og byggja áfram á því starfi og samfélagi sem þar hefur orðið til.

Við óskum eftir að Menningarráð geri grein fyrir afstöðu sinni til framtíðar Gufuness sem skapandi hverfis, hvaða áform eru uppi um áframhaldandi aðstöðu fyrir listafólk og skapandi starfsemi á svæðinu og hvort kannaðir verði möguleikar á lausnum í samráði við þá sem þar starfa.

Jafnframt óskum við eftir upplýsingum um hvort borgin hafi gert heildstætt mat á áhrifum uppsagnanna á menningarstarfsemi í Reykjavík og hvaða úrræði hún hyggst bjóða þeim listamönnum, félagasamtökum og grasrótarhópum sem þurfa að yfirgefa núverandi húsnæði.

4. Húsnæði við Grensásveg 8

BÍL fagnar því að samningsviðræður séu fyrirhugaðar um húsnæði við Grensásveg 8. Við teljum þó mikilvægt að fyrir liggi skýrar upplýsingar um hlutverk, tilgang og framkvæmd verkefnisins.

Við óskum eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða starfsemi og hópum er húsnæðinu ætlað að þjóna?
- Hverjir eiga kost á úthlutun rýma og hvaða viðmið verða lögð til grundvallar?
- Hver tekur ákvörðun um úthlutun og hvernig verður tryggt gagnsætt og faglegt úthlutunarferli?
- Hver er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið, bæði stofn- og rekstrarkostnaður?
- Hvernig tengist verkefnið þeim 15 leigusamningum sem sagt hefur verið upp og hvaða lausnir eru fyrirhugaðar fyrir þá aðila sem þurfa að yfirgefa núverandi húsnæði?

BÍL leggur áherslu á að nýtt húsnæði við Grensásveg komi til viðbótar við aðrar lausnir en verði ekki látið standa sem eina úrræðið fyrir þá fjölmörgu aðila sem nú standa frammi fyrir húsnæðismissi.

5. Niðurskurður á bókasöfnum og menningarþjónustu

BÍL hefur verulegar áhyggjur af þeim umfangsmikla niðurskurði og hagræðingarkröfum sem nú ganga yfir menningarstarfsemi Reykjavíkurborgar. Samkvæmt nýlegum fréttum þarf að finna rúmlega hálfan milljarð króna í sparnað á sviði menningarmála, en útfærsla niðurskurðarins liggur ekki að fullu fyrir. Þá hefur Borgarbókasafninu sérstaklega verið gert að mæta hagræðingarkröfu upp á 85 milljónir króna, sem nemur um 5% af árlegum fjárframlögum safnsins. Til að mæta kröfunni hefur þegar verið fækkað um fimm stöðugildi, þar af hafa tvö stöðugildi deildarstjóra verið lögð niður.

Bókasöfnin eru ein af mikilvægustu menningar- og samfélagsstofnunum borgarinnar og gegna lykilhlutverki við að tryggja jafnt aðgengi almennings að menningu, þekkingu og upplýsingum. Þau eru ekki aðeins þjónustustofnanir heldur mikilvægir samverustaðir, menningarlegir innviðir og opnir samfélagsstaðir sem allir geta nýtt sér óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Borgarstjóri hefur í opinberri umræðu sagt að markmiðið með fyrirhugaðri úttekt á Borgarbókasafninu sé að efla söfnin, rýna reksturinn og kanna hvort draga megi úr yfirbyggingu í þágu betri þjónustu við notendur. Jafnframt hefur verið rætt um möguleika á að sameina rekstrareiningar, stjórnun og stoðþjónustu. BÍL óskar eftir skýrum upplýsingum um hvað felst í þessari úttekt, hvaða breytingar eru til skoðunar og hvernig tryggja eigi að markmiðið um minni yfirbyggingu leiði ekki til skertrar þjónustu, fækkunar starfsfólks eða minna aðgengis að bókasöfnunum.

Þessar hugmyndir hafa vakið verulegar áhyggjur meðal rithöfunda, bókafólks og annarra sem láta sig menningar- og menntamál varða. Rithöfundasamband Íslands hefur meðal annars varað við skerðingu á starfsemi safnsins og hvatt borgaryfirvöld til að efla bókasöfnin og útibú þeirra.
Í opinberri umræðu hefur einnig verið bent á að samfélagslegt hlutverk bókasafna verði ekki metið eingöngu út frá rekstrarkostnaði, fjölda gesta eða útlána. Bókasöfn eru mikilvægir innviðir lýðræðis, menntunar, menningarlífs og félagslegrar þátttöku íbúa, ekki síst í Bókmenntaborg UNESCO.

BÍL óskar eftir skýrum og skriflegum svörum Menningarráðs við eftirfarandi spurningum:

- Hver er heildarniðurskurðurinn í menningarmálum á árunum 2026 og 2027 og hvernig skiptist hann milli stofnana og starfseininga?
- Hversu mörgum starfsmönnum hefur verið sagt upp og hversu mörgum stöðugildum hefur verið fækkað? Hvaða verkefni og þjónusta hafa fallið niður eða verið skert í kjölfarið og hver hefur tekið við þeim verkefnum?
- Hvað felst í fyrirhugaðri úttekt á Borgarbókasafninu, hver annast hana og hvernig verður starfsfólki og notendum tryggð aðkoma?
- Hvað felst í áformum um minni yfirbyggingu og sameiningu rekstrareininga? Eru breytingar á mönnun, útibúum eða þjónustu safnsins til skoðunar og hvaða áhrif gætu þær haft á aðgengi íbúa?

BÍL krefst þess að Menningarráð geri skýra grein fyrir afstöðu sinni til þessara breytinga, umfangi niðurskurðarins og áhrifum hans á starfsfólk, starfsemi og þjónustu. Jafnframt þarf að liggja fyrir hvernig ráðið hyggst bregðast við stöðunni og tryggja að hagræðingarkröfur grafi ekki undan

menningarlegum innviðum borgarinnar, faglegri þjónustu bókasafnanna og jöfnu aðgengi íbúa að menningu. Við teljum ekki nægilegt að vísa almennt til rekstrarhagræðingar eða fyrirhugaðrar úttektar; það þarf að liggja skýrt fyrir hvaða breytingar eru fyrirhugaðar, hvaða áhrif þær hafa og hvernig borgin hyggst tryggja áframhaldandi hlutverk bókasafnanna.

6. Beiðni um fund og formleg svör

BÍL telur mikilvægt að eiga samtal við Menningarráð um þau málefni sem rakin eru í erindinu og fá skýra afstöðu ráðsins til þeirra.

Við óskum því eftir:

1. Staðfestingu á móttöku þessa erindis.
2. Formlegri afstöðu Menningarráðs til beiðni BÍL um fasta áheyrnarfulltrúa og fyrirkomulag aðkomu sambandsins að ráðinu.
3. Skriflegum svörum við þeim upplýsingabeiðnum sem fram koma í erindinu.
4. Fundi með Menningarráði í heild við fyrsta tækifæri.

BÍL telur að þær breytingar sem nú eiga sér stað kalli á skýra ábyrgð, gagnsæi og virkt samráð við fagfélög listafólks. Reykjavíkurborg ber mikilvæga ábyrgð á því að ákvarðanir og aðgerðir á sviði menningarmála séu byggðar á faglegum forsendum og að starfsskilyrði listafólks og menningarstarfsemi séu tryggð til framtíðar.

Við væntum þess að erindið verði tekið til formlegrar meðferðar og að brugðist verði við beiðni okkar um fund og skrifleg svör.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar BÍL

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna.